

dags og kr. 12.500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lög-
birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 30. apríl 1971.

Nr. 33/1970. **Vökull h/f**

(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.)

gegn

Jóni N. Sigurðssyni hæstaréttarlögmanni

f. h. A/B Frödins Marknadskonsulting

(Jón N. Sigurðsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. febrúar 1970. Krefst hann þess, að honum verði dæmd sýkna af öllum kröfum stefnda og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi reisir sýknukröfu sína á aðildarskorti. Af hálfu hans var sótt þing í héraði, en málið var dómtekið, án þess að hann andmælti kröfum stefnda. Áfrýjandi hefur eigi fullnægt skilyrðum 45. gr. laga nr. 57/1962, og koma því málsástaður hans eigi til álita í Hæstarétti. Samkvæmt þessu ber að staðfesta héraðsdóminn að öðru en því, að ársvextir ákveðast 7%. Ber að dæma áfrýjanda til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 9.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að ársvextir ákveðast 7% af hinni dæmdu fjárhæð frá 1. febrúar 1968 til greiðsludags.

Áfrýjandi, Vökull h/f, greiði stefnda, Jóni N. Sigurðssyni hæstaréttarlögmanni f. h. A/B Fröðins Marknads-konsulting, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 9.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 23. janúar 1970.

Mál þetta, sem dómtekið var 9. janúar s.l., hefur Jón N. Sigurðsson hæstaréttarlögmaður, Laugavegi 10, Reykjavík, höfðað f. h. A/B Fröðins Marknads-konsulting, Malmskillnadsgatan 45, Stokkhólmi, Svíþjóð, fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 30. maí 1969, gegn Vökli h/f, Hringbraut 121, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð sænskar kr. 3.160.00 með 1% vöxtum á mánuði frá 1. febrúar 1968 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt reikningi eða mati dómsins.

Málavöxtum lýsir stefnandi á þá leið, að í janúar 1968 hafi ingenjör Bertil Fröðin, forstöðumaður A/B Fröðins Marknads-konsulting, heimsótt Vökul h/f í því skyni að fá það fyrirtæki til að taka að sér umboð fyrir Tenna-hljóðbandspilara í bifreiðar. Hafi Fröðin afhent fyrirtækinu í þessu sambandi fjögur tæki, en hvert þeirra hafi kostað sænskar kr. 750.00, eða samtals sænskar kr. 3.000.00, og auk þess fjögur stykki segulbönd í tækin, en hvert þeirra hafi kostað sænskar kr. 40.00, eða samtals sænskar kr. 160.00. Þrátt fyrir margítrekuð bréf hins sænska firma hafi Vökull h/f ekkert látið frá sér heyra og hvorki greitt hina mót-teknu vöru né gert pantanir á frekari vöru. Eftir að hið sænska firma afhenti lögmanni stefnanda kröfuna til innheimtu, hafi stefndi ekki svarað greiðsluáskorunum lögmannsins.

Stefndi hefur látið sækja þing, en málið var dómtekið, án þess að stefndi hefði andmælt kröfum stefnanda, og verður því samkvæmt 118. gr. laga nr. 85 frá 1936 að dæma málið samkvæmt framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða þær teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 8.300.00.

Auður Þorbergsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendum Jóhanni Ólafssyni kaupmanni og Eiríki Kristóferssyni skipherra.

Dómsorð:

Stefndi, Vökull h/f, greiði stefnanda, Jóni N. Sigurðssyni hæstaréttarlögmanni f. h. A/B Fröðins Marknadskonsulting, sænskar kr. 3.160.00 með 1% vöxtum á mánuði frá 1. febrúar 1968 til greiðsludags og kr. 8.300.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 30. apríl 1971.

Nr. 115/1970. **Eyjólfur Jónsson**
Þorbjörn Jónsson og
Steinþór Svavar Magnússon
 (Hafsteinn Baldvinsson hrl.)
 gegn
Gísla Magnússyni
 (Guðm. Ingvi Sigurðsson hrl.)
Jóni E. Jakobssyni og
 (Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
Magnúsi Helga Jónssyni
 (Jóhann Ragnarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarmar Hæstaréttar.

Uppboð.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. júní 1970 og gera þær dómkröfur *aðallega*, að synjað verði um framkvæmd uppboðs á fjögurra herbergja íbúð á 4. hæð til vinstri í húsinu nr. 23 við Dunhaga í Reykjavík, en *til vara*, að synjað verði um framkvæmd uppboðs á $\frac{3}{4}$ hlutum nefndrar íbúðar, sem séu eign áfrýjenda. Þá krefjast þeir málskostnaðar óskipt úr hendi stefndu bæði fyrir uppboðsdómi og Hæstarétti.

Stefndi Gísli Magnússon krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og að honum verði dæmdur málskostnaður óskipt úr hendi áfrýjenda fyrir Hæstarétti.